

Um mitt þetta ár má áætla að ríflega 2/3 hlutum yfirstandandi framkvæmda við byggingu ál- og orkuvera verði lokið. Þegar þeim lýkur að fullu árið 2009 mun ársálframleiðsla nema u.þ.b. 800 þús. tonnum, sem er 530 þús. tonna aukning frá 273 þús. tonna framleiðslu sl. ár. Áform eru uppi um tvö ný álver, í Helgúvík á vegum Norðuráls og við Húsavík á vegum Alcoa. Einnig er áformað að stækka álverið í Straumsvík sem er í eigu Alcan. Þessi áform eru mislangt komin, en eru öll á athugunar- og rannsóknarstigi og því veruleg óvissa um hvenær verði ráðist í framkvæmdirnar og hvort af þeim verður yfirleitt.

Hjá Alcan í Straumsvík hefur verið lokið við lóðasamninga við viðkomandi landeigendur og umhverfismat hefur verið gert án athugasemda. Þá hefur starfsleyfi verið veitt þannig að opinber leyfi liggja fyrir, ef frá er talið framkvæmdaleyfi frá Hafnarfjarðarbæ. Jafnframt er búið að semja um kaup á allt að 40% þeirrar viðbótarraforku sem þarf vegna fyrirhugaðrar stækkunar. Núverandi framleiðslugeta er um 180 þús. tonn og áætluð stækkun er 280 þús. tonn. Afkastageta álversins yrði því u.þ.b. 460 þús. tonn á ári eftir stækkun. Samkvæmt frumáætlunum er gert ráð fyrir að framkvæmdir við stækkun álversins hefjist árið 2008 og að þeim verði lokið á miðju ári 2010. Vinna við orkuöflun þyrfti að hefjast nokkru fyrr svo að framleiðsla geti hafist þá. Enn hefur ekki verið samið um kaup á 60% þeirrar orku sem þarf.

Í byrjun júnímánaðar var undirrituð viljayfirlýsing milli Norðuráls annars vegar og Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar um öflun 250 MW orku til nýs álvers Norðuráls í Helgúvík. Gert er ráð fyrir að álverið verði reist í tveimur áföngum. Starfsemi í fyrri áfanganum, með um 150 þús. tonna framleiðslugetu, gæti hugsanlega hafist um mitt ár 2010. Seinni áfanganum, með 100 þús. tonna framleiðslugetu, yrði lokið árið 2015. Í aprílmánuði var gengið frá skilyrtum lóðar- og hafnarsamningi við Reykjanesbæ. Í frumáætlun er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist haustið 2007 í Helgúvík. Hins vegar er ljóst að langt leyfisferli er eftir. Formlegt umhverfismat er t.d. ekki hafið. Þegar það mat liggur fyrir geta stjórnvöld fyrst tekið ákvörðun um starfsleyfi. Einnig liggur fyrir að orkuöflun sem um var samið nú í byrjun júní mun ekki nægja í fyrsta áfangann. Því þarf væntanlega að ljúka samningum um fullnægjandi orkuafhendingu áður en framkvæmdir hefjast.

Undirbúningsferli vegna álvers við Húsavík virðist skemmra á veg komið en undirbúningur álvers í Helgúvík eða stækkunar álversins í Straumsvík. Aðeins liggur fyrir ákvörðun framkvæmdaraðila um staðsetningu. Hugmyndir um raforkuöflun eru enn mjög óljósar og ítarlegar rannsóknir þurfa að fara fram áður en ljóst verður hvort hægt er að afla nægjanlegrar raforku með gufuaflí í Þingeyjarsýslu. Öflun raforku og kostnaður við framleiðslu hennar eru því mjög óviss og verður svo áfram um nokkurt skeið. Þá er allt leyfisferlið eftir, þ.e.a.s. umhverfismat og opinbert starfsleyfi.

Rammagrein IV-1

Enn er mikil óvissa um frekari stóriðjuframkvæmdir